

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða,  
b.t. Herdísar Schopka,  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
IS-150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2014

### **Varðar: Umsögn um tillögur verkefnisstjórnar um flokkun virkjunarkosta**

Vísað er til fréttar dagsett 19. desember 2013 á vef rammaáætlunar, [www.rammaaaetlun.is](http://www.rammaaaetlun.is), þar sem tillaga um flokkun virkjunarkosta er auglýst til umsagnar. Tillagan er lögð fram af verkefnisstjórn rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. Tillaga verkefnisstjórnar er að færa Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá úr biðflokk í nýtingarflokk og lagt er til að hinar virkjanirnar tvær í Neðri Þjórsá, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, verði áfram í biðflokk. Ekki er fjallað um aðra virkjanakosti að svo stöddu. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins skila sameiginlegri umsögn og eru sammála flutningi á Hvammsvirkjun úr biðflokk í nýtingarflokk, en telja að það ætti að gilda um allar virkjanirnar þrjár í neðri Þjórsá, með vísan til neðangreindra raka. Samtökin taka undir umsögn Félags ráðgjafarverkfræðinga um þetta mál.

Samtökin gera athugasemdir við vinnuferli verkefnisstjórnar og telja að vinna undir merkjum rammaáætlunar sé komin fram úr því sem henni er ætlað. Samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, er það ekki hlutverk rammaáætlunar að kalla eftir frekari umhverfisgögnum um framkvæmdir sem þegar hafa farið í gegnum MÁU, það er á höndum stofnana sem á eftir koma í undirbúningsferli virkjana. Horfa þarf einnig til meðalhófsreglu en stofnað hefur verið til tafa á verkefnum sem eru næstum komin á framkvæmdastig og hafa verið undirbúin með miklum tilkostnaði frá því löngu áður en lög um rammaáætlun litu dagsins ljós.

Rammaáætlun er hugsuð sem frummat virkjunarkosta og er ætlað að leggja grundvöll að forgangsröðun áður en frekari undirbúningur heldur áfram með tæknilegum og umhverfislegum rannsóknum. Næsta stig í opinberu ferli er mat á umhverfisáhrifum (MÁU) þar sem kallað er eftir mun víðtækari gögnum um tæknilega útfærslu, umhverfisáhrif og samfélagsáhrif án þess þó að endanleg hönnun hafi farið fram. MÁU er hluti af leyfisferli og nauðsynlegur grunnur fyrir framkvæmdaleyfi fyrir virkjunum, sem gefin eru út af sveitarfélögunum. Það kemur skýrt fram í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 48/2011 að rammaáætlun er frummat og er ekki ætlað að ganga lengra en MÁU. Í greinargerðinni segir á síðu 19: „Er í þeim efnum ekki miðað við að gerð sé ríkari krafa en þegar lagt er mat á útgáfu leyfis samkvæmt gildandi lögum. Þvert á móti er miðað við að um ákveðið frummat sé að ræða og má gera ráð fyrir að það nýtist ef til útgáfu leyfis kemur.“ Þessi afstaða er ítrekuð í nefndaráliiti iðnaðarnefndar dagsett 29. mars 2011, en

þar segir: „Einnig þykir nefndinni rétt að undirstrika að hafa verður í huga að hér er um áætlun að ræða og eftir að virkjunarkostur hefur verið flokkaður í nýtingarflokk fer fram mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Ekki er miðað við að afla þurfi svo nákvæmra upplýsinga um hvern og einn virkjunarkost og áhrif hans að jafna megi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000.“

Í lögunum er ekki litið svo á að rammaáætlun feli í sér framkvæmdaleyfi, enda mál ekki fullkönnuð á því stigi og öflun frekari upplýsinga á sér stað á síðari stigum í stjórnsluferlinu. Í greinargerðinni segir á síðu 14: „Ekki er útilokað að stjórnvöld meti það svo að ekki skuli gefið út leyfi sem tengist orkuvinnslu vegna virkjunarkosta í nýtingarflokki. Í ljósi framangreinds er einnig miðað við að verndar- og nýtingaráætlunin feli í sér almenna stefnumörkun en ekki skipulags- eða framkvæmdaáætlun í skilningi laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.“

Af þessu má sjá að greinargerð og nefndarálit með lögunum um rammaáætlun nr. 48/2011 taka mjög skýrt á því að í rammaáætlun er um frummat að ræða og ekki þurfi að afla jafn nákvæmra upplýsinga að jafna megi við MÁU. Það er mat samtakanna að sú tillaga sem hér er til umsagnar fari fram á gögn sem ganga lengra en MÁU vegna virkjana sem áfram er lagt til að verði í biðflokk. Nánari greinargerð um þetta atriði má finna í umsögn Félags ráðgjafarverkfræðinga.



Samtök atvinnulífsins



Samtök iðnaðarins